



Borgarráð

## Samþykkt velferðarráðs um breytingar á reglum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Á fundi velferðarráðs þann 6. desember 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um breytingar á reglum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA):

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð:

- að fellt verði brott ákvæði sem vísar til innleiðingartímabils og að fjöldi samninga miði við fjármagn sem ríkissjóður hefur ráðstafað, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og í stað þess komi að árlegur fjöldi nýrra NPA samninga miðist við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert (1. gr.)
- að fellt verði brott ákvæði sem tilgreinir að fjármagn sem sé til ráðstöfunar byggji á bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 (4. gr.)
- að gildistími reglnanna sé framlengdur til 31. desember 2025 (27. gr.)

Með því að fella á brott ákvæði sem vísar til fjölda NPA samninga þá mun fjölgun samninga taka mið af fjárheimildum velferðarsviðs ár hvert.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs með sex atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar og Flokks fólksins gegn atkvæði fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar og Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð samþykkir breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk á grundvelli þess að innleiðingartímabilið samkvæmt bráðabirgðarákvæði I í lögum nr. 38/2018 er nú lokið. Miðað er við að fjöldi nýrra samninga miði við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert. Velferðarráð telur mikilvægt að framlengja gildistíma reglnanna þannig að ekki verði rof í þjónustu og leggur áherslu að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar endurspegli þörfina á fjölgun NPA samninga. Hins vegar er reglugerð frá félagsmálaráðuneyti ekki komin og enn er ósamið um framtíðarfjármögnun málaflokksins. Um leið og þau mál skýrast þarf að taka upp reglur um NPA að nýju.

Fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista telur mikilvægt að framlengja gildistíma reglnanna þannig að ekki verði rof í þjónustu en getur alls ekki tekið undir að árlegur fjöldi nýrra samninga



um notendastýrða persónulega aðstoð miðist við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert. Fjárhagsáætlun hefur hingað til ekki gert ráð fyrir því að allir samningar verði fjármagnaðir. Hér er um að ræða þjónustu sem fólk á rétt á.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar hlutist til um birtingu reglubreytinganna í b-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir  
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um breytingar á reglum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), lögð fram á fundi velferðarráðs 6. desember 2024, ásamt fylgiskjali.



**Reykjavík**



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### **Efni tillögu: Breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk (NPA)**

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð:

- að fellt verði brott ákvæði sem vísar til innleiðingartímabils og að fjöldi samninga miði við fjármagn sem ríkissjóður hefur ráðstafað, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og í stað þess komi að árlegur fjöldi nýrra NPA samninga miðist við samþykta fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert (1. gr.)
- að fellt verði brott ákvæði sem tilgreinir að fjármagn sem sé til ráðstöfunar byggi á bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 (4. gr.)
- að gildistími reglnanna sé framlengdur til 31. desember 2025 (27. gr.)

Með því að fella á brott ákvæði sem vísar til fjölda NPA samninga þá mun fjölgun samninga taka mið af fjárheimildum velferðarsviðs ár hvert.

### **Greinargerð:**

Lagðar eru til breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk á grundvelli þess að innleiðingartímabili samkvæmt bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sé lokið.

Reglurnar voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2019 og á fundi borgarráðs þann 19. mars 2019. Samkvæmt 27. gr. reglnanna tóku þær gildi þann 1. maí 2019 og áttu að gilda til 31. desember 2022. Á fundi velferðarráðs þann 30. nóvember 2022 og á fundi borgarráðs þann 8. desember 2022 var gildistími reglnanna framlengdur til 30. júní 2023. Á þeim tíma lá ekki fyrir hvort bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, yrði framlengt eða hvort það myndi falla á brott um áramótin 2022/2023. Með vísan til þeirrar óvissu sem var uppi var lögð til tímabundin framlenging reglnanna svo ekki yrði rof í þjónustu hjá þeim aðilum sem fengið höfðu þjónustu í formi notendastýrðar persónulegrar aðstoðar samkvæmt reglum borgarinnar. Þann 1. janúar 2023 tók gildi breyting á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, sem fól í sér breytingu á bráðabirgðaákvæði I í lögnum. Með breytingunni var innleiðingartímabilið framlengt út árið 2024 auk þess sem fjöldi NPA samninga fyrir árið 2023 var tilgreindur allt að 145 samningar og á árinu 2024 allt að 172 samningar. Með vísan til framangreindra lagabreytinga var samþykkt á fundi velferðarráðs þann 7. júní 2023 og á fundi borgarráðs þann 15. júní 2023 að framlengja gildistíma reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk til 31. desember 2024.





Í bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, kemur fram að til þess að auka val fatlaðs fólks um þjónustu og fyrirkomulag stuðnings skulu sveitarfélög vinna að innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar í samræmi við 11. gr. laganna á tímabilinu 2018–2024.

Samkvæmt erindi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 28. nóvember 2024, er gert ráð fyrir flutningi fjárheimildar á 25% framlagi ríkisins vegna NPA samninga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða sem nemur 1,3 ma.kr. Breytingin hefur það í för með sér að Jöfnunarsjóður, í stað félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, mun kalla eftir NPA samningum sveitarfélaga og greiða framlög til þjónustusvæða/sveitarfélaga eins og sjóðurinn hefur gert frá upphafi verkefnisins.

Þar sem innleiðingartímabil notendastýrðar persónulegrar aðstoðar samkvæmt bráðabirgðaákvæði I er lokið er nauðsynlegt að fella brott þau ákvæði í reglunum sem vísa til bráðabirgðaákvæðisins. Að mati velferðarsviðs er nauðsynlegt að fara heildstætt yfir reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð enda hefur fjöldi NPA samninga sem Reykjavíkurborg hefur gert miðast við það fjárframlag sem ríkissjóður hefur ákveðið að ráðstafa í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Fyrirséð er að á árinu 2025 verði breyting hvað varðar fjármögnun NPA samninga og því nauðsynlegt að farið verði ítarlega yfir hvernig Reykjavíkurborg hyggist standa að þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar fyrir fatlað fólk til frambúðar. Unnið hefur verið að því að endurskoða reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð, m.a. með vísan til þeirra sjónarmiða sem fram koma í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018, frá apríl 2022. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur upplýst um að unnið sé að nýrri reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð en áætlað er að reglugerðin verði kynnt í samráðsgátt stjórnvalda um mitt ár 2025. Því er fyrirséð að frekari breytingar verði á þeim ramma sem gildir um notendastýrða persónulega aðstoð.

Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er því ekki tímabært að gera frekari breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð en gera má ráð fyrir að frekari breytingar muni eiga sér stað á árinu 2025. Því er lagt til að gildistími reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð verði framlengdur til 31. desember 2025. Tímabundin framlenging reglnanna felur í sér að ekki verði rof í þjónustu hjá þeim aðilum sem fengið hafa þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar samkvæmt reglum borgarinnar. Þá veitir slík framlenging einnig færi á því að áfram verði unnið að því að uppfæra reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk.

### ***Tillögur að breytingum:***

Með vísan til framangreinds eru lagðar til eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk.

Lagt er til að 3. mgr. 1. gr. reglnanna breytist á þann veg að vísað verði til þess að árlegur fjöldi nýrra samninga um notendastýrða persónulega aðstoð miðist við samþykktá fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert. Í gildandi reglum er vísað til innleiðingartímabils á árunum 2019–2024 og þess að fjöldi samninga á innleiðingartímabilinu miðist við fjárframlag ríkissjóðs í



gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Þar sem innleiðingartímabil bráðabirgðaákvæðis I verður ekki framlengt er nauðsynlegt að uppfæra ákvæðið og kveða með skýrum hætti á um fjármögnun NPA samninga.

Núgildandi 3. mgr. 1. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk er svohljóðandi:

1. gr.

*Grundvöllur notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar*

...

*Innleiðing notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar skal eiga sér stað á tímabilinu 2019 til 2024. Fjöldi samninga sem gerðir verða á innleiðingartímabilinu miðast við það fjárframlag sem ríkissjóður hefur ákveðið að ráðstafa í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutfall af fjárhæð samninga sem sveitarfélögin gera, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Í ljósi þess verða þeir í forgangi fyrir þjónustuna sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við á annan hátt og fyrir liggur faglegt mat á því að notendastýrð persónuleg aðstoð sé hentugt form til að mæta þjónustupörfum þeirra.*

Lagt er til að 3. mgr. 1. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk verði svohljóðandi:

1. gr.

*Grundvöllur notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar*

...

*Árlegur fjöldi nýrra samninga um notendastýrða persónulega aðstoð miðast við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert. Í ljósi þess verða þeir í forgangi fyrir þjónustuna sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við á annan hátt og fyrir liggur faglegt mat á því að notendastýrð persónuleg aðstoð sé hentugt form til að mæta þjónustupörfum þeirra.*

Lagt er til að felld verði brott núgildandi 4. mgr. 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk sem er svohljóðandi:

4. gr.

*Afgreiðsla umsóknar*

...

*Fjármagn sem til ráðstöfunar er byggir á samþykktri fjárveitingu frá ríkissjóði, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.*

Þá er lagt til, eins og rakið er hér að framan, að gildistími reglnanna verði framlengdur til 31. desember 2025. Með því verður ekki þjónusturof hjá þeim einstaklingum sem þegar hafa fengið





þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar auk þess sem gert er ráð fyrir að reglur um notendastýrða persónulega aðstoð verði endurskoðaðar á árinu 2025.

Núgildandi 27. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk er svohljóðandi:

*27. gr.  
Gildistaka*

*Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Reglur þessar öðluðust gildi þann 1. maí 2019 og er gildistími reglna þessara framlengdur til 31. desember 2024.*

Lagt er til að 27. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk verði svohljóðandi:

*27. gr.  
Gildistaka*

*Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Reglur þessar öðluðust gildi þann 1. maí 2019 og er gildistími reglna þessara framlengdur til **31. desember 2025.***

**Fjármögnun NPA:**

Með því að fella á brott ákvæði sem vísar til fjölda NPA samninga þá mun fjölgun samninga taka mið af fjárheimildum velferðarsviðs ár hvert. Á árinu 2024 er Reykjavíkurborg að greiða 2,2 ma.kr. fyrir notendastýrða persónulega aðstoð. Mótframlag ríkisins er 25% og tekjur því um 557 m.kr. á árinu 2024. Áætlun 2025 gerir ráð fyrir 564 m.kr. í tekjur frá ríkinu vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

Fylgiskjal:

Svar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 28. nóv. 2024.



**Reykjavík**



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar  
Aðalbjörg Traustadóttir  
Skrifstofustjóri

Dagsetning **28. nóvember 2024**  
Málsnúmer IRN24110081

Vísað er til erindis velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 21. nóvember 2024, þar sem kallað er eftir upplýsingum um hvernig staðið verði að umsýslu og fjármögnun framlaga úr ríkissjóði vegna NPA samninga á árinu 2025.

Á innleiðingartímabili NPA verkefnisins hefur félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu verið greitt framlag vegna hlutdeildar ríkisins í greiðslu NPA samninga. Þá hafði ráðuneytið einnig umsjón með innköllun NPA samninga frá sveitarfélögunum en jafnframt greitt Jöfnunarsjóði framlag ríkissjóðs og sjóðurinn greitt sveitarfélögum framangreind framlög.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2025 og í endanlegu frumvarpi til fjárlaga árið 2025 er gert ráð fyrir flutningi fjárheimildar á 25% framlagi ríkisins vegna NPA samninga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða sem nemur 1,3 ma.kr. Breytingin er gerð í samræmi við ákvæði í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Breytingin hefur jafnframt í för með sér að Jöfnunarsjóður mun kalla eftir NPA samningum sveitarfélaga og greiða framlög til þjónustusvæða/sveitarfélaga eins og sjóðurinn hefur gert frá upphafi verkefnisins.

F.h. ráðherra

  
Guðni Geir Einarsson

  
Sigrún Dögg Kvaran